

Alþingi nefndasvið  
B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Egilsstöðum 3.5.2018

## Efni: umsögn um 479. mál - Skógræktin

Umsögn um 479. mál, „Tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029“ sem send var í tölvupósti 20. apríl sl.

### Almennt

Skógræktin fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um landsáætlun og því heildræna skipulagi ferðamannastaða sem sett er fram í henni.

### Sérstakar ábendingar:

Undir liðnum 1.4.

Telur Skógræktin mikilvægt að í þingsályktunartillögunni sé fjallað um mikilvægi þess að gera og nýta sameiginlegan staðal eða fitjuskrá fyrir útivist hér á landi.

Skógræktin leggur til að settur verði inn sérstakur liður 1.4.5, eða skeytt við 1.4.4.: *Vinna þarf að gerð fitjuskrár fyrir útivist á Íslandi. Kalla þarf saman helstu aðila á sviði útivistar á landinu og samræma skráningar fyrir t.d. gönguleiðir, mannvirki og fleira sem við á. Á grundvelli þessarar nýju fitjuskrár verður byggður upp landfræðilegur gagnagrunnur sem hægt er að tengja við vefsíu sem sýnir allar þær landupplýsingaskráningar sem skráðar eru í gagnagrunnin. Það getur t.d. átt við um gönguleiðir á Íslandi, ástand, erfiðleikastig, nöfn leiða o.s.frv.*

Slík fitjuskrá yrði grunnur að sambærilegum merkingum og kortagerð ofl. fyrir ferðamannastaði hér á landi. Þess má geta að grunnvinna að slíkri fitjuskrá hefur þegar verið unnin af sérfræðingi Skógræktarinnar í landrænum upplýsingakerfum, Birni Traustasyni.

Undir liðnum 3.4.

Skógræktin leggur til að settur verði inn sérstakur liður 3.4.2. er fjallar um öryggi á gönguleiðum og merkingar stika.

*Teknar verði upp samræmdar merkingar á gönguleiðum þar sem hver gönguleið fær sérstakt númer og hver stika á gönguleiðum verður merkt með einkvæmu númeri. Hnit hverrar stiku verði sett inn í landrænt upplýsingakerfi og verði*

aðgengilegt viðbragðsaðilum, s.s. neyðarlínu eða björgunarsveitum ef fólk týnist eða slasast.

Slíkar merkingar hafa verið settar á stikur á gönguleiðum á Þórsmerkursvæðinu, á Fimmvörðuhálsi og á hluta Laugavegarins. Hafa slíkar merkingar þegar nýst björgunarsveitum og einfaldað og minnkað umfang björgunaraðgerða þar sem mögulegt hefur verið að fara á einu farartæki og sækja viðkomandi á tiltekinn stað á gönguleiðinni.

Dæmi um hvernig setja má upp gagnagrunn sem aðgengilegur getur verið öllum má sjá á slóðinni hér að neðan:

<http://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=c9cecf5a976c4c509140f4a9409c046d>

Vill Skógræktin benda á að starfsfólk stofnunarinnar býr yfir langri og mikilli reynslu af uppbyggingu og viðhaldi áningarstaða og gönguleiða í skógum landsins. Er Skógræktin reiðubúin til ráðgjafar um þessi málefni sé þess óskað.

virðingarfyllt,

Þröstur Eysteinnsson,



-----  
Skógræktarstjóri

Hreinn Óskarsson,



Sviðsstjóri samhæfingarsviðs Skógræktarinnar